

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
30. fundur
haldinn að Lyngási, 8. apríl 2010

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson formaður, Magnhildur Björnsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Björn Ármann Ólafsson Skarphéðinn G. Þórisson og Þórhallur Þorsteinsson. Jafnframt Elín Bergsdóttir, starfsmaður þjóðgarðsins.

Gestir fundarins:

Frá SKAUST: Þorsteinn Ragnarsson form. og Jón Egill Sveinsson.

Frá FLH: Sævar Guðjónsson form., Björn Ingvarsson og Jón Hávarður Jónsson.

Frá Náttúrustofu Austurlands: Halldór W. Stefánsson.

Frá veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar, Jóhann G. Gunnarsson.

Dagskrá:

- 1. SKAUST og Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum**
- 2. Erindi Þórhalls Þorsteinssonar**
- 3. Samræming verndaráætlunar**
- 4. Önnur mál**

Formaður stýrði fundi og setti hann kl. 16.05. Gengið var til dagskrár.

1. SKAUST og Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum

Formaður bauð alla gesti fundarins velkomna og fór stuttlega yfir stofnun þjóðgarðsins, stjórnskipulag og vinnu við verndaráætlun.

Fulltrúar SKAUST, Jón Egill og Þorsteinn, gerðu grein fyrir erindi sem félagið hefur sent svæðisráði vegna draga að verndaráætlun. Megininntakið að rök fyrir banni við fuglaveiðum á tilteknum svæðum væru léttvæg í drögum að verndaráætlun og að skotveiðimenn teldust bæði til ferðamanna og útivistarfólks. Það skyti því skökku við að útiloka þá frá hluta þjóðgarðsins.

Fulltrúar FLH, Sævar, Björn og Jón Hávarður gerðu grein fyrir bókun stjórnar FLH og afhentu svæðisráði. Megininntak hennar er að FLH telji ekki rétt að leggja bann við hreindýraveiðum sunnan og vestan Snæfells heldur sé hægt að ná því sama fram með góðu samstarfi þjóðgarðsvarðar, leiðsögumanna og Umhverfisstofnunar þar sem þjóðgarðsvörður hefði heimild til að banna umferð og veiðar ef aðstæður kölluðu á slíkt. Björn Ingvarsson sagðist þó sjálfur telja að framsettar tillögur í verndaráætlun væru ásættanlegar.

Formaður fór yfir afstöðu svæðisráðsins og sagði það ekki ætlunin að tala niður til veiðimanna í verndaráætluninni. Hann liti á þennan fund sem hluta af samráðsferlinu og á þessu stigi væru samtök og félög á heimasvæðinu mikilvægasti samráðsaðilinn. Síðan ætti endanleg tillaga eftir að fara í almennt auglýsingar- og umsagnarferli líkt og aðalskipulag.

Halldór Walter sagðist telja friðun á heiðargæs austan Snæfells eiga að bindast við fyrirhugað Ramsarsvæði. Á Vesturöræfum hefðu verið hugmyndir um seinkun á gæsaveiði til 1. sept. vegna þess að meira hefði borið á ófleygum ungum þar síðustu ár með tilkomu Háslóns þar sem gæsavarpið hefði færst ofar í Hálsinn.

Rætt var um stýringu á fuglaveiðum og kom Þorsteinn inn á að þeim mætti e.t.v. stýra með svipuðum hætti og gert er gegnum rjupa.is í löndum Skógræktar ríkisins.

Jón Hávarður tók undir að innan þjóðgarðs eða á afmörkuðum svæðum innan hans væri vel hugsanlegt að hafa öðruvísi veiðimennsku heldur en fyrir utan hann. Hann minnti á að reynsla síðasta hausts af samstarfi milli leiðsögumanna með hreindýraveiðum og landvarða hefði verið góð og hægt væri að byggja á því.

Skarphéðinn sagði frá því að upplýsingar frá Umhverfisstofnun sýndu að fá hreindýr hefðu veiðst á umræddu svæði austan Snæfells síðustu ár og því teldi hann að bann við veiði þar hefðu lítið að segja fyrir veiðarnar í heild sinni. Rætt var um hver væru rökinn fyrir því að taka aftur upp bann við hreindýraveiðum fyrir innan Laugará (þjóðgarðsmörk) fram til 15. ágúst eins og var fram til 2006. Fram kom að það væri til þess að ekki skaraðist meginferðamannatíminn innan þjóðgarðs og veiðitímabilið.

Sævar ítrekaði að leiðsögumenn væru á móti boðum og bönnum og þar sem verið væri að þrengja víða að veiðimönnum með veiðilendur þá legðust menn gegn því að friða stór svæði fyrir veiðum.

Björn Ármann tók undir að veiðimenn væru líka útivistarmenn en fyrst og fremst þyrftu menn að ná sátt um hvernig umferð og landnýtingu á svæðinu yrði stjórnað þannig að ólíkir hópar gætu átt samleið á þjóðgarðssvæðinu við Snæfell.

Skúli Björn tók undir orð Björns Ármanns og minnti á að ferðaþjónustan væri m.a. að horfa á náttúruskoðunarferðamennsku ásamt gönguferðamennsku umhverfis Snæfell og yfir á Eyjabökkum. Erfitt væri hægt að markaðssetja það svæði sem slíkt meðal markhópsins náttúruskoðendur ef að á því væru óheftar veiðar.

Magnhildur sagði að sér finndist að aðrar reglur ættu að gilda um veiðar innan þjóðgarðs en utan hans og hluti af því að veiðarnar væru sjálfbærar væri að menn vissu hvað væri verið að veiða á svæðinu.

Jóhann sagðist ekki geta talað fyrir auðlindasvið Umhverfisstofnunar sem væri nýbúið að fá drög að verndaráætlun til sín. Hann sagði hins vegar að út frá sínu starfi og samstarfi vegna hreindýraveiða teldi hann að sátt hlyti að geta náðst um hreindýraveiðarnar á svipuðum forsendum og settar væru fram í drögunum. Með tilkomu þjóðgarðs yrðu menn að sætta sig við að önnur skilyrði og viðmið giltu innan hans en utan.

Í lok þessara samræðna voru fundarmenn almennt á því að ekki bæri mikið á milli og gestir yfirgáfu fundinn kl. 17.40 en óskuðu eftir að fá að fylgjast með framvindu mála. Formaður lofaði áframhaldandi góðu samráði og sagði að svæðisráð myndi nú meta þær athugasemdir sem komið hefði fram á fundinum.

Halldór W. Stefánsson fuglasérfræðingur frá Náttúrustofu Austurlands sat aðeins lengur og svaraði spurningum svæðisráðsmanna varðandi fuglalíf og nytjar á fugli á svæðinu.

Svæðisráð fór yfir framkomnar athugasemdir varðandi veiðar og samþykkti eftirfarandi breytingar kafla 11.3 og kafla 9 í drögum að verndaráætlun austursvæðis dags. 9. mars 2010.

Sjá fylgiskjal.

2. Erindi Þórhalls Þorsteinssonar

Þórhallur hafði sent svæðisráði afrit af bréfum til hans frá fulltrúa Skotvís í SAMÚT og kynnti þau samskipti fyrir svæðisráði.

3. Samræming verndaráætlunar

Formaður sagði að Elín hefði tekið að sér að vera tengill við ALTA við samræmingarvinnuna sem nú stendur yfir. Svæðisráð reynir eftir fremsta megni að rýna gögnin jafnóðum og þau verða til. Þriðju drög eiga að vera tilbúin 14. apríl. Svæðisráð óskar eftir að fá þau drög send til yfirlestrar.

4. Önnur mál

Þórhallur benti á orðalag á bls. 98 um tvo flokka gistiskála og að sérstakir samningar skuli gerðir um skálana. Hann benti einnig á hvort hugað hefði verið að þeim kostnaðarauka sem er samhliða alþjóðlegri umhverfissvottun og hvernig menn ætluðu að útfæra það.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.55.

Eiríkur Björn Björgvinsson

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson

Fylgiskjal með fundargerð svæðisráðs austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs frá 8. apríl 2010

Tillaga svæðisráðs um nýjan kafla 11.3 um veiðar bls. 122-123

11.3. Veiðar

Sportveiðar eru hluti af ferðaþjónustu og útivist og hefur þeim sem fara til veiða með byssu eða stöng fjölgað mikið síðustu 40 árin á Íslandi og ferðaþjónusta kringum veiðar er vaxandi. Engar heimildir eru um silungsveiði á austursvæði þjóðgarðsins. Fornar heimildir eru hins vegar um gæsaveiðar á Eyjabökkum en að öðru leyti eru veiðar á gæs og rjúpu á Snæfellsöræfum að mestu tilkomnar á seinni hluta 20. aldar. Með bættum samgöngum og öflugri farartækjum hafa fuglaveiðarnar vaxið verulega síðustu tvo áratugi en engar haldbærar upplýsingar eru til um fjölda veiðimanna, veiðistaði eða veidda fugla.

Hreindýraveiðar eru stundaðar á Snæfellsöræfum og Brúardölum (22. mynd, bls. 123). Lengst af hófust veiðar sunnan og vestan Laugarár ekki fyrr en eftir 15. ágúst. Það breyttist 2006 og hefur upphaf veiðitíma á Snæfellsöræfum síðan verið hið sama og á öðrum svæðum eða 15. júlí. Hreindýraveiðum hefur verið stýrt frá miðri 20. öld og núverandi veiðistjórnunarkerfi safnar nákvæmum upplýsingum um veiðimenn, veiðistaði og fjölda felldra dýra. Þær teljast sjálfbærar þar sem veiðikvóti tekur m.a. mið af stofnstærð og fjölda dýra á tilteknum svæðum og veiðunum er stjórnað.

Miklar vonir eru bundnar við það að Snæfellsöræfi geti á næstu árum skapað sér nafn sem útivistar- og göngusvæði og hægt verði að byggja á sérstöðu þess hvað varðar lífríki og náttúru, víðerni og friðsæld. Forsenda þess er að finna leiðir til að láta ólíka hópa útivistarfólks og ferðamanna njóta svæðisins án þess að árekstrar verði milli þeirra og án þess að náttúran bíði skaða af.

Hér fara á eftir helstu markmið og aðgerðir til að stuðla að þessu jafnvægi á Snæfellsöræfum.

a. Hreindýra- og fuglaveiðar óheimilar kringum Snæfell að austurbakka Jökulsár í Fljótssdal

Óheimilt verði að stunda hreindýra- og fuglaveiðar innan afmarkaðs svæðis umhverfis Snæfell

Markmiðið er að búa til friðland á svæði sem er viðkvæmt en jafnframt kjörið til náttúruskoðunar og útivistar.

Mörk svæðisins eru sem hér segir:

Austurmörk fylgi austustu kvísl Jökulsár í Fljótssdal frá upptökum og norður að Eyjabakkavaði. Þaðan bein lína vestur í Sótavistir og frá þeim yfir á toppinn á Sandfelli. Frá honum yfir á Nálhúshnjúk og síðan í toppinn á Tíutú. Línan fylgi svo Snæfellsslóð

hvar hún fer yfir Grjótlæki og að vaði við Langahnjúk þar sem hún fari í topp hans og þaðan í topp Ketilhnjúks. Bein lína þaðan í topp Litla Snæfells og beina línu í suðaustur í Eyjabakkajökul. Suðurmörk fylgja síðan jaðri Eyjabakkajökuls að upptökum austustu kvíslar Jökulsár í Fljótsdal. (sjá einnig kort).

Rökin fyrir því að heimila ekki hreindýra- og fuglaveiðar á þessu afmarkaða svæði eru fyrst og fremst af tvennum toga: Í fyrsta lagi er viðkvæmur gróður í hlíðum Snæfells og hnjúkanna kringum það sem krefst jafnvel stýringar á umferð göngufólks. Þá er votlendið á Þóriseyjum og nágrenni viðkvæmt fyrir umferð auk þess sem þar er stór fellistaður og varplönd heiðagæsar. Í öðru lagi hentar svæðið einkar vel fyrir gönguferðamennsku, fræðslutengda ferðamennsku, rannsóknir og náttúruskoðun, m.a. skólahópa á haustin. Að kynna þetta svæði og byggja upp sem slíka útivistarperlu en stunda jafnhliða veiðar innan þess samræmist illa og æskilegra að geta kynnt það sem friðland. Þá stendur og til að stærstur hluti votlendis austan Snæfells verði Ramsarsvæði sem eykur enn vægi svæðisins til rannsókna á gróðurfari og lífríki.

b. Hreindýraveiðar hefjist 15. ágúst á Snæfellsöræfum

Horfið verði aftur til þess fyrirkomulags að hreindýraveiðar á Snæfellsöræfum hefjist ekki fyrr en 15. ágúst. Það nái þó ekki til þjóðgarðsvæðisins á Múla austan friðlands í Þóriseyjum og nágrenni.

Markmiðið er að hefja ekki veiðar á svæðinu fyrr en meginstraumur ferðamanna er yfirstaðinn.

Rökin fyrir því að veiðar hefjist seinna á Snæfellsöræfum en á Fljótsdalsheiði eru þessi helst: Í fyrsta lagi er áratugahefð fyrir því að veiðar hefjist ekki á þessu svæði fyrr en 15. ágúst til að tryggja hreinkúm með kálfa tímabundið griðland. Í öðru lagi hefur fjöldi þeirra ferðamanna sem leggja leið sína inn á hálendið seinni hluta júlímánaðar og fram í ágúst vaxið undanfarin ár og Snæfellsöræfi eru kjörin til gönguferðamennsku og náttúruskoðunar, þ.m.t. hreindýraskoðunar. Að stunda hreindýraveiðar á sama svæði getur skapað hættu auk þess sem friðsæld svæðisins yrði raskað með skothvillum og umferð stórra jeppa veiðimanna.

Mikilvægt er að þjóðgarðurinn sé í góðu samstarfi við Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum og starfsmann Umhverfisstofnunar sem stýrir veiðunum um skipulag hreindýraveiða og umgengni innan þjóðgarðsmarka.

c. Óheimilt verði að nota sexhjól til að sækja felld hreindýr innan þjóðgarðsmarka

Allur akstur utan vega og merktra slóða er lögum samkvæmt óheimill í þjóðgarðinum sem á landsvísu. Óheimilt verði einnig að nota sexhjól til að sækja fellda bráð á hreindýraveiðum innan þjóðgarðsmarka.

Markmiðið er að vernda viðkvæman gróður og draga úr óæskilegum förum eftir vélknúin ökutæki í ósnortnu landi.

Rökin fyrir því að heimila ekki þessa tilteknu notkun sexhjóla innan þjóðgarðsmarka eru m.a. þau að víðast hvar á svæðinu er tiltölulega stutt í vegi og merкта slóða. Auk þess æskilegt er að veiðar innan þjóðgarðs séu stundaðar á svo vistvænan máta sem kostur er.

d. Gæsaveiðar verði heimilar frá 1. september með veiðistjórnun

Heimilt verði að veiða gæsir innan þjóðgarðsmarka frá 1. september að undanskildu afmörkuðu friðlandi kringum Snæfell og austan þess. Fyrir haustið 2010 verði komið á veiðistjórnun sem takmarki fjölda veiðimanna á tilteknum svæðum og tryggi skráningu á veiði og veiðistöðum. Heimilt verði að taka gjald af veiðimönnum til að standa undir eftirliti og skráningu.

Markmiðið er að gæsaveiðar geti talist sjálfbærar innan þjóðgarðsmarka en til þess þarf að stýra veiðunum að vissu marki og tryggja skráningu á veiði.

Rökin fyrir því að heimila ekki gæsaveiðar fyrr en 1. september á meðan þær hefjast annars staðar 20. ágúst eru fyrst og fremst þau að heiðagæsin á þessu svæði verpir seint vegna snjóa og ungarnir eru því seinna fleygir en út á Fljótisdals- og Fellaheiði. Þetta hefur meðal annars breyst á Vesturöræfum með tilkomu Háslóns þar sem gæsirnar hafa ekki lengur varpsvæði nema ofan við vatnsborðslínu.

Rökin fyrir vissri stjórnun á veiðunum eru fyrst og fremst þau að veiðarnar geta seint talist sjálfbærar ef um þær skortir allar upplýsingar. Veiðistjórnun er því nauðsynlegt til að afla upplýsinga um veiði og veiðistaði og skapa möguleika á að stýra veiðialagi og umferð veiðimanna.

Æskilegt væri sömu reglur giltu um jaðarsvæði frá þjóðgarðsmörkum að Háslóni.

e. Rjúpnaveiðar verði heimilar með veiðistjórnun

Heimilt verði að veiða rjúpur innan þjóðgarðsmarka að undanskildu afmörkuðu friðlandi kringum Snæfell og austan þess. Fyrir veiðitímabilið 2010 verði komið á veiðistjórnun sem takmarki fjölda veiðimanna á tilteknum svæðum og tryggi skráningu á veiði og veiðistöðum. Heimilt verði að taka gjald af veiðimönnum til að standa undir eftirliti og skráningu.

Markmiðið er að rjúpnaveiðar geti talist sjálfbærar innan þjóðgarðsmarka en til þess þarf að stýra veiðunum að vissu marki og tryggja skráningu á veiði.

Rökin fyrir því að heimila veiðar á rjúpu á stærstum hluta Snæfellsöræfa eru þau helst að þeir sem stunda útivist á því svæði á þeim tíma sem veiði á rjúpu er leyfð eru fyrst og fremst rjúpnaveiðimenn. Lítil truflun á því að vera vegna veiðanna gagnvart öðrum ferðamönnum sem gera verður ráð fyrir að verði einkum í nágrenni Snæfellsskála á þessum árstíma.

Rökin fyrir vissri stjórnun á veiðunum eru fyrst og fremst þau að veiðarnar geta seint talist sjálfbærar ef um þær skortir allar upplýsingar. Veiðistjórnun er því nauðsynlegt til

að afla upplýsinga um veiði og veiðistaði og skapa möguleika á að stýra veiðiálagi og umferð veiðimanna.

f. Eggjataka verði óheimil á Snæfellsöræfum

Óheimilt verði að tína egg heiðagæsar sem annarra fugla innan þjóðgarðsmarka á Snæfellsöræfum og Múla. Markmiðið er að vernda varp heiðagæsar og annarra fugla innan þjóðgarðs. Lítil hefð fyrir því að heimamenn í Fljótssdal og á Jökuldal nytji varp svo langt frá byggð.

Rökin fyrir banni við eggjatöku eru þau helst að vöktun á heiðagæsarstofninum á Vesturöræfum bendir til þess að eggjatínsla þar hin síðustu ár hafi haft teljandi áhrif á fjölda unga á svæðinu. Eggjatínslan truflar varpfugla og hefur einnig í för með sér að ungar klekkjast seinna úr eggjum og verða þar af leiðandi seinna fleygir sem hefur áhrif á gæsaveiðar.

Æskilegt væri að sömu reglur giltu um jaðarsvæði frá þjóðgarðsmörkum að Háslóni.

g. Að gera úttekt á nytjum

Afar takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um eggjatöku, grasatekju, fiskveiða og fuglaveiðar eða aðrar nytjar á svæðinu. Mikilvægt er að reyna að fá betri mynd af umfangi nytja síðustu áratuginna til að fá grunnupplýsingar sem hægt er að bera saman við þau gögn sem safnast í framtíðinni, m.a. með stjórnun á fuglaveiðum.

Tillaga svæðisráðs um breytingu kafla 9 um útivist og ferðaþjónustu bls. 104.

h. Að útbúa og kynna leiðbeiningar og reglur um hreindýra- og fuglaveiðar á austursvæði þjóðgarðsins.

Samkvæmt verndaráætlun gilda að vissu marki aðrar reglur um veiðar á hreindýrum, gæs og rjúpu innan þjóðgarðs en utan hans. Mikilvægt er að gera fræðsluefni fyrir veiðimenn um sjálfbærar veiðar og hvaða reglur og viðmið gilda innan þjóðgarðsins um veiðar. Efla þarf samstarf þjóðgarðsvarða og landvarða við leiðsögumanna með hreindýraveiðum sem og aðra skotveiðimenn, s.s. með kynningu á fræðslufundum veiðimanna.